



UNGT FÓLK 2016

8.–10. BEKKUR

Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun,
heilsuhegðun, heilsuvisar, líðan og framtíðarsýn
ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi.

Ungt fólk 2016

Grunnskólar

Nám og skóli, félags- og tómstundastarf,
íþróttir og hreyfing, foreldrar og uppeldi, heilsa og líðan,
atvinnuþátttaka og fjárhagur fjölskyldunnar og vímuefnanotkun ungmenna
í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi.

Samanburður rannsókna árin 2000 til 2016.
Staða og þróun yfir tíma.

Unnið fyrir



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

2016

Rannsóknir & greining 2016©

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Ingibjörg Eva Þórisdóttir,
Erla María Tölgyes, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir.

Umbrot:

Ingibjörg Steindórsdóttir

Hönnun útlits og kápu:

Baddy Design

ISBN nr.:

978-9935-436-45-0

INNGANGSORÐ

Æskulýðsrannsóknirnar *Ungt fólk* hófu göngu sína árið 1992 þegar Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála (RUM), að frumkvæði menntamálaráðuneytisins, hóf að framkvæma kannanir meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum landsins. Með þessum fyrstu heildstæðu rannsóknum á högum barna og ungmenna var brotið blað í sögu félagsvísindarannsókna hér á landi. *Ungt fólk* rannsóknirnar hafa margfaldast að umfangi á þeim ríflega tveimur áratugum sem liðnir eru frá upphafi þeirra og hafa frá árinu 1997 verið unnar reglulega meðal allra nemenda í 5., 6. og 7. bekk, 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum og öllum framhaldsskólum landsins. Þá hafa verið unnar *Ungt fólk* rannsóknir á félagslegri stöðu 16 til 20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stunduðu nám við framhaldsskóla árin 2000 og 2009. Frá upphafi hefur eitt af megininkennum *Ungt fólk* rannsóknanna verið að spurningalistar hafa verið lagðir fyrir í öllum skólum landsins í stað þess að leggja fyrir úrtak nemenda. Með þessu móti eru fengnar staðbundnar og ítarlegar greiningar fyrir sveitarfélög, skóla og félagasamtök.

Samhliða vaxandi kröfum um rannsóknarmiðaða stefnumótun hafa þeir sem starfa að málefnum barna og ungmenna á Íslandi í síauknum mæli nýtt sér niðurstöður þeirra, en allar þessar rannsóknir gefa möguleika á samanburði milli landssvæða, sveitarfélaga og tímabila. Við þróun *Ungt fólk* rannsóknanna hefur starfsfólk Rannsókna og greiningar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins notið góðs af einstöku samstarfi við skólastjórnendur, kennara og nemendur í grunn- og framhaldsskólum landsins alla tíð. Þeirra framlag og aðstoð við fyriragnir spurningalista hefur stuðlað að því að svo umfangsmiklar rannsóknir sem *Ungt fólk* eru, hafa getað farið reglulega fram. Niðurstöður rannsóknanna eru þeim sem starfa að málefnum barna og ungmenna ómetanlegt verkfæri við stefnumótun og störf, bæði á landsvísi sem og í nærsamfélaginu, á hverjum stað og tíma. Gögn úr *Ungt fólk* rannsóknunum hafa verið notuð víða. Frá árinu 1997 hafa verið skrifaðar níu doktorsritgerðir úr gögnum rannsóknanna og margir tugir meistara- og bakkalárs ritgerða. Þá hafa kennarar í námskeiðum við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, og áður Kennaraháskóla Íslands, notað þau við kennslu og þjálfun nemenda í rannsóknaraðferðum og tölfræði. Niðurstöður *Ungt fólk* rannsóknanna eru nýttar í sveitarfélögum sem í búa yfir 80% landsmanna. Þær eru nýttar við stefnumótun, aðgerðir, og skipulagningu starfs á vettvangi meðal þeirra sem starfa að málefnum barna og ungmenna í nærsamfélaginu. Rannsóknir og greining vinnur árlega á annað hundrað skýrslur úr gögnum rannsóknanna meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk og 8., 9. og 10. bekk fyrir sveitarfélög, skóla, félagasamtök og stofnanir. Þá er einnig mikilvægt að gögn rannsóknanna meðal nemenda í öllum framhaldsskólum landsins séu nýtt í auknum mæli. Sem dæmi hafa verið unnar sérskýrslur fyrir hvern og einn framhaldsskóla landsins úr rannsóknum síðustu ára. Þessar skýrslur

lúta annars vegar að því að varpa ljósi á hagi og líðan nemenda framhaldsskólanna og hinsvegar að sýna stöðu og þróun vímuefnaneyslu nemenda. Þessu til viðbótar má nefna að niðurhal skýrslna og greina af vefsíðu Rannsóknna og greiningar, rannsoknir.is, skipta hundruðum á ári hverju.

Áhrif *Ungt fólk* rannsókna hafa einnig náð út fyrir landssteinana. Starfsfólk Rannsóknna og greiningar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík hefur nýtt gögn rannsókna til greininga og skrifa á fræðasviðum sínum og þegar hafa um 70 ritrýndar greinar verið birtar úr gögnunum í alþjóðlegum, ritrýndum vísindatímaritum. Fjölmargir erlendir vísindamenn hafa átt í samstarfi við íslenska félagasína um nýtingu gagnanna og fram hefur komið í máli þeirra að gæði *Ungt fólk* rannsókna eru sjaldséð hvað umfang og yfirgrip varðar. Sú sérstaða að rannsóknirnar fari fram með gagnasöfnun meðal allra nemenda í stað úrtaka eins og algengast er, hefur veitt tækifæri til yfirgrípsmeiri og ítarlegri greininga en oft er mögulegt. Endurtekning rannsókna yfir tíma hefur enn fremur gert mögulegt að vinna tímaráðgreiningar á þróun lykilþátta er varða hagi og líðan, hreyfingu, tómstundir og hegðun barna og unglunga hér á landi. Árið 2005 hófst samvinna Rannsóknna og greiningar og Reykjavíkurborgar um framkvæmd og skipulagningu rannsókna í borgarsamfélögum víða í Evrópu, í samstarfi við samtökin European Cities Against Drugs (ECAD). *Ungt fólk* rannsóknirnar eru lagðar til grundvallar þeirrar vinnu. Rannsóknirnar sem þetta samstarf hefur getið af sér bera heitið *Youth in Europe* og hafa nú þegar verið unnar rannsóknir í 8 borgum árið 2006, 11 borgum árið 2008 og 15 borgum árið 2012. Fjórða fyrirlögn *Youth in Europe* var unnin í október 2014 og tóku 20 borgir þátt.

Það er von og vilji Rannsóknna og greiningar, Háskólans í Reykjavík og mennta- og menningarmálaráðuneytisins að *Ungt fólk* rannsóknirnar haldi áfram að stuðla að bættum högum og betri líðan og aðbúnaði barna og ungmenna hér á landi með traustum upplýsingum til skóla, sveitarfélaga, félagasamtaka og annarra. Þá er mikilvægt að veita vísindafólki og nemendum þess aðgang að vönduðum gögnum í vinnu sinni og námi við þekkingarsköpun í málefnum barna og unglunga.

Í skýrslunni getur að líta niðurstöður *Ungt fólk* rannsóknarinnar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla á Íslandi árið 2016 með samanburði við árin 2000, 2006, 2009, 2012 og 2014. Gagnasöfnun fór fram með spurningalistakönnun í febrúarmánuði síðastliðnum. Líkt og í fyrri rannsóknum er athyglinni beint að ýmsum þáttum í lífi unglunga sem varða hagi þeirra, s.s. menntun, menningu, félags-, íþrótt- og tómstundastarf, heilsu, líðan og vímuefnaneyslu. Í textanum eru niðurstöður settar fram á 91 tölusettri mynd og 23 töflum, en fleiri töflur eru í viðauka sem hefst á blaðsíðu (89)

EFNISYFIRLIT

Inngangsröð	5
Aðferð og gögn	8
Þátttakendur og framkvæmd	8
Mælitæki	8
Úrvinnsla gagna	9
Félags- og tómstundastarf	10
Tölvu og netnotkun	18
Íþróttir og hreyfing	21
Foreldrar og uppeldi	29
Heilsa og líðan.....	39
Matur og drykkur	48
Nám og skóli	51
Atvinnuþátttaka og fjárhagur fjölskyldunnar	63
Vímuefnanotkun	67
Vísindagreinar unnar úr gögnum Rannsókna og greiningar	75
Heimildaskrá	80
Myndaskrá	83
Töfluskrá	88
Viðauki	92
Kynjaskipting	92
Tengsl við foreldra og fjölskyldu	93
Tengsl við vini og jafningja	97
Athyglisbrestur eða ofvirkni	98
Reiði	99
Sjálfsmynd	101
Íþróttaiðkun	102
Fristundir.....	108
Tómstundaiðkun	115

AÐFERÐ OG GÖGN

Rannsóknirnar *Ungt fólk* eru þýðisrannsóknir en í því felst að þær eru ekki byggðar á hefðbundnum úrtökum heldur er reynt að ná til sem flestra í úrtaksrammanum innan þýðisins. Þetta er gert með því að leggja spurningalista fyrir alla nemendur sem mættir eru til skóla á tilteknum degi með það að leiðarljósi að lágmarka vikið niðurstaðnanna. Niðurstöður þessara kannana eru því mjög áreiðanlegar, hvort sem litið er til tiltekinnna landssvæða eða mismunandi hópa.

ÞÁTTTAKENDUR OG FRAMKVÆMD

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru byggð á könnun sem lögð var fyrir alla nemendur í 8. til 10. bekk á Íslandi í febrúarmánuði árið 2016. Framkvæmd og úrvinnsla rannsóknarinnar var á vegum Rannsóknna & greiningar við Háskólann í Reykjavík. Spurningalistar voru sendir í alla skóla á landinu þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir eftir skýrum fyrirmælum. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem þátttakendur settu listann í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana svo útilokað væri að rekja svörin til þeirra. Jafnframt voru þeir vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda.

Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem könnunin fór fram svöruðu spurningalistanum. Samtals fengust gild svör frá 3478 nemendum í 8. bekk, 3507 nemendum í 9. bekk og 3572 í 10. bekk.

Auk þeirra voru 130 einstaklingar sem ekki svöruðu spurningunni um í hvaða bekk þeir væru.

Heildarsvarhlutfall á landsvísu var 86,0%.

MÆLITÆKI

Mælitæki rannsóknarinnar eru ítarlegir spurningalistar, fyrir nemendur í 8.-10. bekk, sem hafa verið þróaðir ár frá ári, fyrst af starfsfólki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála en frá árinu 1998 af Rannsóknnum & greiningu. Spurningarnar eru mótaðar af fagfólki í félagsvísindum þar sem farið er eftir ströngum kröfum um að þær geti af sér öruggar niðurstöður, að áreiðanleiki og réttmæti sé ávallt í fyrirrúmi. Spurningalistinn fyrir 8.- 10. bekk árið 2016 inniheldur 88 spurningar í mismunandi mörgum liðum á 32 blaðsíðu.

ÚRVINNSLA GAGNA

Í skýrslunni er hlutfall í prósentum sett fram á myndum en í töflum sést fjöldi nemenda sem svarar og prósentuhlutfall í sviga fyrir aftan. Samanburður er gerður á milli kynja, landsvæða og bekkja. Of langt mál er að telja hér upp allar þær spurningar sem notaðar eru í skýrslunni eða hvernig einstakar breytur eru kóðaðar en áhugasömum er bent á að hafa samband við starfsfólk Rannsókna & greiningar ef nákvæmari skýringa er óskað.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF

Með æskulýðsstarfsemi átt við „skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum“¹. Á Íslandi er mikið lagt upp úr stefnumótun í faglegu starfi fyrir börn og unglinga. Ásamt því að gerð sé krafa um nægt framboð og jöfn tækifæri til þátttöku í æskulýðsstarfi, er gerð krafa um að þeir sem starfa að æskulýðsmálum hafi þá menntun og þjálfun sem uppfylla kröfur samtímans². Lykilorð í lögunum er skipulag og hafa rannsóknir sýnt að starfsemi sem er markmiðabundin, skipulögð og í umsjón ábyrgra aðila er líklegri til að hafa uppbyggjandi áhrif í lífi ungmenna en það starf sem er ekki skipulagt og í umsjá ábyrga aðila. Enn fremur kveða löggin á um að í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Þátttaka í æskulýðsstarfi ætti því að auka félagsfærni og undirbúa ungmenni til þess að taka virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi.

Innan skólaumhverfisins eru reknar félagsmiðstöðvar og eru þær mest sóttá æskulýðsstarfið á meðal unglinga. Líkt og annað æskulýðsstarf á þar sér stað skipulagt starf sem er formlegt og óformlegt í senn. Ákveðin umgjörð skapast um jafningjasamskiptin en á sama tíma hafa unglíngarnir mikið um það að segja hvernig starfið mótast.

Í þessum kafla er einnig komið inn á lestur og nú er sú staða komin upp að foreldrar, ráðuneyti og skólar þurfa að hvetja börn til lesturs og tryggja lestrarfærni. Haustið 2015 var undirritaður þjóðarsáttmáli um læsi með það að markmiði að við lok grunnskólagöngu gætu öll börn lesið sér til gagns. Í janúar 2016 var svo undirritaður læsissáttmáli af mennta- og menningarmálaráðuneyti og Heimili og skóla- landsamtaka foreldra sem fylgt er eftir og kynntur foreldrum á haustmánuðum 2016. Ljóst er að það ríkir sameiginlegur skilningur á mikilvægi læsis til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Hlutfallsleg þátttaka í skipulögðu félags- og tómstundastarfi vikulega eða oftár hefur breyst lítillega frá árinu 2006. Ef niðurstöður eru skoðaðar fyrir stráka sérstaklega og lítið er til landsins í heild, þá má sjá að árið 2006, er þetta hlutfall 46%, eða þremur prósentustigum hærra en árið 2016. Á árunum 2006 til 2012 mátti greina aukningu í slíkri þátttöku meðal stelpna á landsbyggðinni, árið 2014 dró lítið eitt úr þátttöku þeirra, en árið 2016 er hlutfallið það sama (52%) og niðurstöður sýndu árið 2006. Þá sýna niðurstöður að hlutfall stráka í 8. bekk sem segjast taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi er svipað á höfuðborgarsvæðinu (45%) og á landsbyggðinni (44%) og svipaðar niðurstöður má greina þegar lítið er til stelpna í þessari bekkjardeild. Um 52% stelpna í 8. bekk á höfuðborgarsvæðinu taka þátt í slíku starfi einu sinni í viku eða oftár á meðan hlutfallið er 55% á landsbyggðinni.

1) Sjá 1. gr. laga nr. 70/2007


2) Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014

Lítill breyting kemur fram yfir tíma er varðar bíó- og kaffihúsaferðir. Hlutfallslegur fjöldi ungmenna sem fara í partí hefur dregist saman, en árið 1997 sögðust 11% stelpna og stráka í 9. og 10. bekk fara í partí, en 3% árið 2016.


Þátttaka í skátastarfi, ungliðastarfi björgunarsveita og/eða trúarlegu starfi er svipað og fyrri ár og það sama má segja um þátttöku í lúðrasveitum, myndlistarnámi og leiklist og í hljómsveitastarfi. Fjöldi þátttakenda í tónlistarnámi hefur dregist saman frá árinu 2006, en þá sögðust 22% stelpna og stráka í 9. og 10. bekk stunda tónlistarnám, en 16% árið 2016. Þátttaka í listviðburðum svo sem leiksýningum, myndlistasýningum og tónleikum helst óbreytt miðað við síðustu ár. Ekki má greina breytingar á fjölda þátttakenda í ungliðastarfi Rauða kross Íslands, í hestamennsku og útivist en hlutfalli ungmenna sem stunda hannyrðir, fatasam eða fatahönnun hefur heldur dregist saman, var 10% árið 2000 en 2% árið 2016.

Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem taka þátt í opnu húsi á vegum félagsmiðstöðva er hærra á landsbyggðinni (45%) í samanburði við höfuðborgarsvæðið (37%) og þá taka nemendur á landsbyggðinni (27%) fremur þátt í hópastarfi í félagsmiðstöð samanborið við nemendur á höfuðborgarsvæðinu (23%).


Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem lesa bækur, aðrar en skólabækur hækkar nú milli mælinga. Árið 2014 var hlutfall þeirra 14% en er árið 2016 17%. Lestur á annars konar lesefni (teiknimyndabækur, dagblöð, tímarit) hefur haldist nokkuð óbreyttur frá árinu 2009 og er á bilinu 1-3%. Þá segjast tæp 18% nemenda á höfuðborgarsvæðinu og 17% nemenda á landsbyggðinni horfa á myndir, þætti eða myndbönd í fjórar klukkustundir eða meira á dag. Lítil munur er eftir búsetu þegar litið er til þess hve oft nemendur segjast spila tölvuleiki á netinu í fjórar klukkustundir eða meira á hverjum degi árið 2016. Að sama skapi segjast tæp 22% nemenda á höfuðborgarsvæðinu og rétt um 24% nemenda á landsbyggðinni verja fjórum klukkustundum eða meira í að vera á samskiptamiðlum á netinu (Facebook, Snapchat, Instagram o.s.frv.), á degi hverjum árið 2016.




Mynd 1. Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk frá 2006 til 2016 sem taka þátt í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi einu sinni í viku eða oftar.



Mynd 2. Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk frá 2006 til 2016 sem taka þátt í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi einu sinni í viku eða oftar.




Mynd 3. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk frá 2006 til 2016 sem taka þátt í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi einu sinni í viku eða oftar.




Mynd 4. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk frá 1997 til 2016 sem fara í bió, á kaffihús³⁾, og/eða í parti, vikulega eða oftar.


3) Árið 1997 var spurt um ferðir á kaffihús eða pöbb. Vegna þess hve mörg kaffihús eru einnig pöbbar er stuðst við skilgreiningu hvers og eins á því hvað átt er við með ferðum á kaffihús.




Mynd 5. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk frá 2000 til 2016 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveitanna, KFUM eða KFUK, æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar, og æskulýðsstarf annarra trúfélaga, vikulega eða oftar.




Mynd 6. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem spila í hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum sínum, stunda tónlistarnám, lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit, myndlistarnám, og leiklist, vikulega eða oftar



Mynd 7. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem sækja leiksýningar, bókasafn, klassíska tónleika, aðra tónleika en klassíska, og myndlistasýningar, vikulega eða oftar.




Mynd 8. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem stunda ungmennastarf Rauða kross Íslands, hestamennsku, útivist, og hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, vikulega eða oftar.




Mynd 9. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árið 2016 sem taka þátt í starfi félagsmiðstöðva nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.

Tafla 1. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árið 2016 sem segjast taka þátt í tilteknu frístundastarfi í skólanum sínum, nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.


Frístundastarf í skóla:	Höfuðborgarsvæði Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur	Landsbyggð Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur
Bekkjarkvöld eða skemmtanir á vegum skólans	701 (12,1)	446 (12,3)
Nemendaráð	655 (11,3)	572 (15,7)




Mynd 10. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem verja fjórum klukkustundum eða meira í hverri viku í að lesa bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur og/eða blöð, dagblöð, eða tímarit.



Mynd 11. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem segjast aldrei lesa (verja engum tíma í viku) bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur og/eða blöð, dagblöð, eða tímarit.



Mynd 12. Hlutfall nemenda í 8. bekk árin 2009 til 2016 sem verja fjórum klukkustundum eða meira í hverri viku í að lesa bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur og/eða blöð, dagblöð og tímarit.



Mynd 13. Hlutfall nemenda í 8. bekk árin 2009 til 2016 sem segjast aldrei lesa (verja engum tíma í viku) bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur og/eða blöð, dagblöð og tímarit.

TÖLVU OG NETNOTKUN

Tafla 2. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk eftir því hversu miklum tíma þau verja að jafnaði í að horfa á myndir, þætti eða myndbönd á hverjum degi, árið 2016.

Horfa á myndir, þætti eða myndbönd að jafnaði á degi hverjum	Höfuðborgarsvæði Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur	Landsbyggð Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur
Nær engum tíma	319 (5,3)	203 (5,4)
1/2 til 1 klst.	2191 (36,1)	1364 (36,4)
2 til 3 klst.	2482 (40,9)	1541 (41,1)
4 klst. eða meira	1079 (17,8)	637 (17,0)

Tafla 3. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk eftir því hversu miklum tíma þau verja að jafnaði í að spila tölvuleiki á netinu hverjum degi, árið 2016.

Spila tölvuleiki á netinu, að jafnaði á degi hverjum	Höfuðborgarsvæði Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur	Landsbyggð Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur
Nær engum tíma	3340 (54,9)	2097 (56,0)
1/2 til 1 klst.	1146 (18,9)	734 (19,6)
2 til 3 klst.	942 (15,5)	535 (14,3)
4 klst. eða meira	651 (10,7)	381 (10,2)

Tafla 4. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk eftir því hversu miklum tíma þau verja að jafnaði í að spila tölvuleiki sem EKKI eru á netinu hverjum degi, árið 2016.

Spila tölvuleiki EKKI á netinu, að jafnaði á degi hverjum	Höfuðborgarsvæði Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur	Landsbyggð Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur
Nær engum tíma	3664 (60,4)	2092 (55,9)
1/2 til 1 klst.	1376 (22,7)	948 (55,9)
2 til 3 klst.	644 (10,6)	443 (11,8)
4 klst. eða meira	384 (6,3)	257 (6,9)

Tafla 5. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk eftir því hversu miklum tíma þau verja að jafnaði í að vera á samskiptamiðlum á netinu (t.d. Facebook, Snapcaht, Twitter, Instagram, Vine, Tumblr, WhatsApp, Skype ofl.) á hverjum degi, árið 2016.

Nota netið til að vera á samskiptamiðlum á netinu, að jafnaði á hverjum degi	Höfuðborgarsvæði Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur	Landsbyggð Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur
Nær engum tíma	478 (7,9)	305 (8,2)
1/2 til 1 klst.	2392 (39,3)	1334 (35,7)
2 til 3 klst.	1891 (31,1)	1207 (32,3)
4 klst. eða meira	1322 (21,7)	894 (23,9)

Tafla 6. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk eftir því hversu miklum tíma þau verja að jafnaði í að nota netið til annars en að vera á samskiptamiðlum eða í tölvuleikjum (t.d. skoða fréttir, myndir eða lesa texta) á hverjum degi, árið 2016.

Nota netið til annars en að vera á samskiptamiðlum eða í tölvuleikjum, að jafnaði á hverjum degi	Höfuðborgarsvæði Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur	Landsbyggð Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur
Nær engum tíma	2200 (36,2)	1320 (35,3)
1/2 til 1 klst.	2898 (47,8)	1781 (47,7)
2 til 3 klst.	626 (10,3)	418 (11,2)
4 klst. eða meira	345 (5,7)	216 (5,8)

Tafla 7. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk eftir því hversu miklum tíma þau verja að jafnaði í að nota tölvur í annað en að vera á netinu eða spila tölvuleiki (t.d. læra, skrifa texta, vinna með myndir) á hverjum degi, árið 2016.

Nota tölvur í annað en að vera á netinu eða spila tölvuleiki, að jafnaði á hverjum degi	Höfuðborgarsvæði Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur	Landsbyggð Fjöldi (%) 8., 9. og 10. bekkur
Nær engum tíma	2389 (39,5)	1500 (40,2)
1/2 til 1 klst.	2742 (45,3)	1664 (44,6)
2 til 3 klst.	693 (11,4)	439 (11,8)
4 klst. eða meira	231 (3,8)	126 (3,4)

ÍPRÓTTIR OG HREYFING

Hreyfing ein og sér er einn af lykilþáttum heilbrigðis yfir allt lífsskeiðið. Regluleg hreyfing eykur líkurnar á langlífi og betri lífsgæðum og er því mikilvæg forvörn fyrir ýmsa sjúkdóma. Þá hefur verið sýnt fram á að regluleg hreyfing hefur jákvæð áhrif á andlegt heilbrigði og rannsóknir hafa sýnt að andleg vellíðan er betri hjá þeim sem iðka íþróttir en hjá þeim sem iðka þær ekki⁴. Samkvæmt ráðleggingum embættis landlæknis eiga börn og ungmenni að hreyfa sig minnst 60 mínútur á dag. Mikilvægt er að skapa umhverfi sem gefur tækifæri til hreyfingar og þá þurfa skólustjórnendur, stefnumótunaraðilar, foreldrar og aðrir sem vinna með börnum að leggjast á eitt. Samkvæmt gildandi viðmiðunarstundaskrá er skylt að veita hverjum nemanda að lágmarki þrjár kennslustundir í íþróttum í hverri viku skólaársins. Samkvæmt skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um framkvæmd og fyrirkomulag íþróttakennslu í grunnskólum sagði meirihluti spurðra skólustjóra að það væri lögð áhersla á reglubundna hreyfingu í skólanum sem viðbót við lögbundna íþróttakennslu.

Á Íslandi er mikill metnaður hjá íþróttahreyfingunni til að gera vel þegar kemur að skipulögðu íþróttastarfi. Börn og ungmenni stunda íþróttir í auknum mæli og það er alls ekki óalgengt að leggja stund á fleiri en eina íþrótt. Ásamt því að fá útrás fyrir hreyfipörf hefur formlegt íþróttastarf ýmis jákvæð áhrif. Mikilvægt er greina á milli formlegs íþróttastarfs sem stundað er innan íþróttafélaga og óformlegra íþróttar sem stundaðar eru í annarskonar félagslegu samhengi og standa utan við íþróttafélögin⁵. Rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar á Íslandi hafa sýnt að þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur jákvæð áhrif á líðan ungmenna⁶, dregur úr áhættuhegðun eins og áfengisneyslu,⁷ reykingum⁸ og steranotkun⁹. Aftur á móti sýna niðurstöðurnar að þau ungmenni sem stunda eingöngu óformlegt íþróttastarf, utan íþróttafélaga, eru jafnvel líklegri en þau ungmenni sem engar íþróttir stunda til að drekka áfengi eða nota stera. Þessar niðurstöður sýna hve háð forvarnargildi íþróttar er þeim félagslegu kringumstæðum sem ákvarða þátttökuna hverju sinni. Íþróttaiðkun hefur sérstaklega verndandi áhrif fyrir þá einstaklinga sem búa við erfiðar heimilisaðstæður¹⁰. Við þetta má bæta að stöðugt fleiri rannsóknir benda til að sterkt samband sé að finna á milli líkamlegs atgervis, hreyfingar og námsframmistöðu barna og unglunga.¹¹

4) Kristjánsson o.fl. 2010.

5) Sage, 1998; Coakley og Pike, 2009; Coakley, 2011; Hartmann og Kwauk, 2011; Halldorsson, Thorlindsson og Sigfusdóttir, 2014.

6) Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.

7) Halldorsson, Thorlindsson og Sigfusdóttir, 2013.

8) Kristjánsson o.fl. 2008.

9) Thorlindsson og Halldorsson, 2010


10) Sigfusdóttir o.fl. 2011.

11) Trudeau og Shephard, 2008; Sigfusdóttir o.fl. 2007.


Niðurstöður sýna meðal annars að hlutfall þátttakenda í íþróttastarfi á vegum íþróttafélaga, fjórum sinnum í viku eða oftar, helst það sama milli ára 2014 og 2016 (37%) meðal nemenda í 10. bekk og hefur aukist mikið frá árinu 2000 (þá 19% meðal nemenda í 10. bekk). Þá hækkar hlutfallið um þrjú prósentustig meðal nemenda í 8. bekk (úr 42% í 45%) og um 43% nemenda í 9. bekk segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar árið 2016.

Þegar litið er til þess hve oft nemendur reyna á sig þannig að þeir mæðist eða svitni, sýna niðurstöður að hlutfall stráka í 9. og 10. bekk er það sama óháð búsetu eða 57%. Hlutfall stelpna í þessu sambandi er lægra árið 2016 í samanburði við stráka, líkt og niðurstöður hafa sýnt fyrri ár. Þannig segjast um helmingur stelpna í 9. og 10. bekk hreyfa sig þannig að þær mæðist eða svitni fjórum sinnum í viku eða oftar.


Meðal stráka í 8. bekk á landsbyggðinni árið 2016, segjast hlutfallslega fleiri (55%) reyna á sig þannig að þeir mæðist eða svitni, fjórum sinnum í viku eða oftar, ef litið er ársins 2014 til samanburðar (49%). Meðal stelpna í 8. bekk má greina svipaðar niðurstöður, en þar má einnig greina mun á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem stunda boltaíþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar er tæp 41% meðal stráka á meðan slíkt á við um 25% stelpna. Þá segjast rúm 33% stelpna í 8., 9. og 10. bekk stunda fimleika, frjálssar eða sund einu sinni í viku eða oftar á meðan hlutfallið er 25% meðal stráka.




Mynd 14. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem segjast nær aldrei stunda íþróttir með íþróttafélagi.




Mynd 15. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem segjast stunda ípróttir með ípróttafélagi 1 til 3 sinnum í viku.




Mynd 16. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem segjast stunda ípróttir með ípróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar.




Mynd 17. Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2012 til 2016 eftir því hve oft þeir stunda íþróttir eða líkamsrækt í viku hverri.




Mynd 18. Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2012 til 2016 eftir því hve oft þær stunda íþróttir eða líkamsrækt í viku hverri.




Mynd 19. Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2012 til 2016 eftir því hve oft þeir reyna á sig líkamlega þannig að þeir mæðist verulega eða svitni.



Mynd 20. Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2012 til 2016 eftir því hve oft þær reyna á sig líkamlega þannig að þær mæðist verulega eða svitni.



Mynd 21. Hlutfall stráka í 8. bekk árin 2012 til 2016 eftir því hve oft þeir reyna á sig líkamlega þannig að þeir mæðist verulega eða svitni.



Mynd 22. Hlutfall stelpna í 8. bekk árin 2012 til 2016 eftir því hve oft þær reyna á sig líkamlega þannig að þær mæðist verulega eða svitni.

Tafla 8. Stundar þú boltaíþróttir? Hlutfall og fjöldi nemenda 8., 9. og 10. bekk sem stundar boltaíþróttir, greint eftir kyni árið 2016.

Íþróttagrein	Fjöldi skipta	Strákar Fjöldi (%)	Stelpur Fjöldi (%)	Heild Fjöldi (%)
Boltaíþróttir	Nær aldrei	1803 (38,9)	2723 (57,4)	4526 (48,3)
	1-3x í viku	941 (20,3)	834 (17,6)	1775 (18,9)
	4x í viku eða oftar	1886 (40,7)	1184 (25,0)	3070 (32,8)

Tafla 9. Stundar þú spaðaíþróttir? Hlutfall og fjöldi nemenda 8., 9. og 10. bekk sem stundar spaðaíþróttir, greint eftir kyni árið 2016.

Íþróttagrein	Fjöldi skipta	Strákar Fjöldi (%)	Stelpur Fjöldi (%)	Heild Fjöldi (%)
Spaðaíþróttir	Nær aldrei	3906 (86,3)	4268 (91,3)	8174 (88,8)
	1-3x í viku	509 (11,2)	367 (7,9)	876 (9,5)
	4x í viku eða oftar	112 (2,5)	39 (0,8)	151 (1,6)

Tafla 10. Stundar þú sjálfsvarnariþróttir? Hlutfall og fjöldi nemenda 8., 9. og 10. bekk sem stundar sjálfsvarnariþróttir, greint eftir kyni árið 2016.

Íþróttagrein	Fjöldi skipta	Strákar Fjöldi (%)	Stelpur Fjöldi (%)	Heild Fjöldi (%)
Sjálfsvarnariþróttir	Nær aldrei	4009 (88,5)	4445 (95,1)	8454 (91,8)
	1-3x í viku	367 (8,1)	181 (3,9)	548 (6,0)
	4x í viku eða oftar	155 (3,4)	49 (1,0)	204 (2,2)

Tafla 11. Stundar þú vetrariþróttir? Hlutfall og fjöldi nemenda 8., 9. og 10. bekk sem stundar vetrariþróttir, greint eftir kyni árið 2016.

Íþróttagrein	Fjöldi skipta	Strákar Fjöldi (%)	Stelpur Fjöldi (%)	Heild Fjöldi (%)
Vetrariþróttir	Nær aldrei	3744 (82,7)	3979 (85,3)	7723 (84,0)
	1-3x í viku	631 (13,9)	593 (12,7)	1224 (13,3)
	4x í viku eða oftar	153 (3,4)	95 (2,0)	248 (2,7)

Tafla 12. Stundar þú útivist? Hlutfall og fjöldi nemenda 8., 9. og 10. bekk sem stundar útivist, greint eftir kyni árið 2016.

Íþróttagrein	Fjöldi skipta	Strákar Fjöldi (%)	Stelpur Fjöldi (%)	Heild Fjöldi (%)
Útivist	Nær aldrei	3360 (74.2)	3573 (76.5)	6933 (75.4)
	1-3x í viku	899 (19.9)	872 (18.7)	1771 (19.3)
	4x í viku eða oftar	268 (5.9)	227 (4.9)	495 (5.4)

Tafla 13. Stundar þú dans? Hlutfall og fjöldi nemenda 8., 9. og 10. bekk sem stundar dans, greint eftir kyni árið 2016.

Íþróttagrein	Fjöldi skipta	Strákar Fjöldi (%)	Stelpur Fjöldi (%)	Heild Fjöldi (%)
Dans	Nær aldrei	4316 (96.1)	3612 (77.4)	7928 (86.6)
	1-3x í viku	106 (2.4)	755 (16.2)	861 (9.4)
	4x í viku eða oftar	68 (1.5)	298 (6.4)	366 (4.0)

Tafla 14. Stundar þú líkamsrækt? Hlutfall og fjöldi nemenda 8., 9. og 10. bekk sem stundar líkamsrækt, greint eftir kyni árið 2016.

Íþróttagrein	Fjöldi skipta	Strákar Fjöldi (%)	Stelpur Fjöldi (%)	Heild Fjöldi (%)
Líkamsrækt	Nær aldrei	2199 (48.3)	2187 (46.5)	4386 (47.4)
	1-3x í viku	1838 (40.4)	2097 (44.6)	3935 (42.5)
	4x í viku eða oftar	513 (11.3)	419 (8.9)	932 (10.1)

Tafla 15. Stundar þú fimleika, frjálssar eða sund? Hlutfall og fjöldi nemenda 8., 9. og 10. bekk sem stundar fimleika, frjálssar eða sund, greint eftir kyni árið 2016.

Íþróttagrein	Fjöldi skipta	Strákar Fjöldi (%)	Stelpur Fjöldi (%)	Heild Fjöldi (%)
Fimleika, frjálssar eða sund	Nær aldrei	3399 (75.0)	3142 (66.8)	6541 (70.8)
	1-3x í viku	935 (20.6)	1090 (23.2)	2025 (21.9)
	4x í viku eða oftar	198 (4.4)	470 (10.0)	668 (7.2)

FORELDRAR OG UPPELDI

Fyrirmyndir barna á fyrstu árum lífsins eru foreldrar þeirra og aðrar fullorðnar manneskjur sem standa þeim nærri. Það sem við veitum börnunum okkar á þessum fyrstu árum lífsins fylgir þeim eftir um ókomna tíð. Tengslakenningin gengur meðal annars út á að þau tengsl sem við myndum við foreldra okkar sem börn verða sniðmát fyrir frekari tengslamyndun síðar á lífsleiðinni¹². Því kemur ekki á óvart að sterk tengsl barna við foreldra sína og fjölskyldu eru mikilvæg fyrir þroska þeirra, líðan og einstaklingsvitund^{13 14 15}. Börn og ungmenni sem eiga stöðug og jákvæð samskipti við foreldra sína, og fá mikinn stuðning frá þeim, eru líklegri til að líða vel í skóla¹⁶ og eignast vini þar sem svipað samskiptamynstur er haft í heiðri.¹⁷

Þegar unglingsárin nálgast eykst sjálfstæði og aðstæðum fjölgar þar sem unglingsarnir taka sjálfir ákvörðun. Nýleg rannsókn leiddi ljós að þau börn sem gátu tekið góðar ákvarðanir 10 eða 11 ára voru ólíklegri til þess að upplifa kvíða, leiða og rífast við vini sína þegar að þau voru 12 og 13 ára¹⁸. Hlutverk foreldra er að aðstoða börnin sín við þess að taka góðar ákvarðanir með því að hlusta, styðja þau og kenna þeim að vega og meta ólíka kosti.

Ungt fólk rannsóknirnar auk fjölda annarra rannsókna hafa sýnt að samvera fjölskyldunnar skiptir máli fyrir vellíðan barna. Gott aðhald, eftirlit og stuðningur hefur jákvæð áhrif á námsárangur, auk þess að fyrirbyggja og draga úr áhættuhegðun¹⁹. Stöðugleiki skiptir einnig miklu máli, en þau börn sem búa við öruggar aðstæður eru mun ólíklegri til þess að upplifa þunglyndi, kvíða og reiði en þau börn sem búa við erfiðar heimilisaðstæður²⁰.

Niðurstöður *Ungt fólk* 2016 sýna meðal annars að hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem segjast verja tíma með foreldrum sínum á virkum dögum eykst frá árinu 2014. Um 21% stráka í 9. og 10. bekk segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum árið 1997, en 51% árið 2016. Ef litið er til stelpnanna þá var hlutfallið 26% árið 1997 en árið 2016 er það komið í 55%. Ef litið er til samveru um helgar þá hækkar hlutfallið áfram milli mælinga og árið 2016 segjast 66% stráka og 69% stelpna í 9. og 10. bekk, að slíkt eigi við um þau séu oft eða nær alltaf. Að sama skapi hækkar hlutfallið ef litið er til áttundubekkinga, um 79% stelpna og 73% stráka segjast vera oft eða nær alltaf

12) Bowlby, 1969.

13) Bjarnason o.fl. 2005

14) Warr, 1993

15) Coleman, 1988

16) Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.


17) Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.

18) Weller, Moholy, Bossard og Levin, 2015.


19) Þórólfur Þórlindsson o.f.l. 1998, Thorlindsson og Vilhjálmsson, 1991, Barnes o.fl., 2006.

20) Sigfúsdóttir o.fl. 2011; Gunnlaugsson o.fl. 2011


með foreldrum sínum um helgar. Þá standa þær mælingar sem eru í rannsókninni um eftirlit foreldra flestar lítið breyttar frá 2009 en foreldraeftirlit er annar þáttur í sambandi foreldra og unglinga sem hefur aukist mikið síðastliðið ár. Þá kemur fram að á bilinu 54–71% stráka og 60–76% stelpna í 9. og 10. bekk segja foreldra sína setja sér reglur um hvað þau megi gera heima, utan heimilis og um útivistartíma, og í kjölfarið má sjá mælingar sem sýna að enn dregur úr fjölda þeirra sem eru úti eftir klukkan 10 á kvöldin og/eða eftir miðnætti. Jákvætt er að langsamlega flestir nemendur telja það mjög auðvelt eða frekar auðvelt að fá umhyggju og hlýju, samræður um persónuleg málefni, ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.




Mynd 23. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árin 1997 til 2016 sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum.




Mynd 24. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árin 2009 til 2016 sem segjast vera oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum.




Mynd 25. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árin 2006 til 2016 sem segjast vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar.




Mynd 26. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árin 2006 til 2016 sem segjast vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar.




Mynd 27. Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þeir eru á kvöldin.




Mynd 28. Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þær séu á kvöldin.




Mynd 29. Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra fylgist með því hvar þeir séu á kvöldin.




Mynd 30. Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra fylgist með því hvar þær séu á kvöldin.




Mynd 31. Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016, sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra þekki vini sína/ vinkonur sínar.




Mynd 32. Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra þekki vini sína/vinkonur sínar.



Mynd 33. Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2006 til 2016 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra þekki foreldra vina/vinkvenna sinna.




Mynd 34. Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2006 til 2016 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra þekki foreldra vina/vinkvenna sinna.




Mynd 35. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árin 2006 til 2016 sem segja foreldra sína oft eða nær alltaf vita hvar þau eru á laugardagskvöldum.

Tafla 15. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2016 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra setji þeim reglur um hvað þau mega gera heima, utan heimilisins og um útvistartíma.


Foreldrar mínir setja ákveðnar reglur um:	Höfuðborgarsvæði Fjöldi (%)		Landsbyggð Fjöldi (%)		Heild Fjöldi (%)	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
Hvað ég má gera heima	1437 (67.1)	1248 (57.8)	854 (63.1)	740 (57.4)	2291 (65.6)	1988 (57.6)
Hvað ég má gera utan heimilis	1209 (56.6)	1316 (60.8)	698 (51.9)	735 (57.0)	1907 (54.8)	2051 (59.4)
Hvenær ég á að koma heim á kvöldin	1549 (72.3)	1677 (77.5)	917 (68.1)	960 (73.9)	2466 (70.7)	2637 (76.1)



Mynd 36. Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem hafa verið úti eftir klukkan 10 að kvöldi þrisvar eða oftar síðastliðna 7 daga.



Mynd 37. Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem hafa verið úti eftir klukkan 10 að kvöldi þrisvar eða oftar síðastliðna 7 daga.



Mynd 38. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa verið úti eftir miðnætti einu sinni eða oftar undanfarna 7 daga árin 2000 til 2016.

Tafla 16. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2016 sem segja það mjög eða frekar erfitt að fá eftirfarandi hjá foreldrum sínum: Umhyggju og hlýju, samræður um persónuleg málefni, ráðleggingar varðandi námið.

Að fá frá foreldrum:	Höfuðborgarsvæði Fjöldi (%)		Landsbyggð Fjöldi (%)		Heild Fjöldi (%)	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
Umhyggju og hlýju	94 (4,4)	109 (5,0)	63 (4,7)	77 (5,9)	157 (4,5)	186 (5,4)
Samræður um persónuleg málefni	292 (13,6)	317 (14,6)	209 (15,5)	247 (19,1)	501 (14,3)	564 (16,3)
Ráðleggingar varðandi námið	200 (9,4)	253 (11,7)	154 (11,4)	185 (14,3)	354 (10,1)	438 (12,7)

HEILSA OG LIÐAN

Margvíslegir þættir skapa heilsu og liðan fólks, má þar nefna neyslu, hreyfingu, samskipti, almenn lífsskilyrði og það umhverfi sem að við búum í. Saman geta þessir þættir stuðlað að betri heilsu eða jafnvel haft neikvæð áhrif á heilsu. Í samvinnu við embætti landlæknis hefur Rannsóknir & greining innleitt nýja lýðheilsuvísa í spurningarlista sína og hér á eftir getur að líta þær niðurstöður. Notkun lýðheilsuvísa er liður í því að veita yfirsýn yfir lýðheilsu í hverju heilbrigðisumdæmi fyrir sig í samanburði við landið í heild.

Líðan ungmenna hefur verið mikið í deigluinni árið 2016. Gögn Rannsókna & greiningar frá árinu 2000 til 2016 sýna að þeim ungmönnum sem upplifa kvíða eða depurð hefur fjölgað, og hefur breytingin verið töluverð á meðal stúlkna. Vissulega er þessi þróun áhyggjuefni og vafalaust er það samspil margra þátta sem hefur áhrif. Á sama tíma hafa rannsóknir þó greint mikið af þeim þáttum sem stuðla að vellíðan ungmenna, má þar helst nefna umhyggju og hlýju foreldra, stuðning, aðhald og jákvætt eftirlit.


Svefnlengd íslenskra barna er ekki í samræmi við viðmið heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Mælt er með að unglingar sofi um það bil 10 klukkustundir á nóttu en raunin er sú að innan við 10% barna sofa 9 klukkustundir eða meira. Eftir því sem unglingar eldast eru meiri líkur á að þeir fái ekki nægan svefn²¹, þeir sem sofa of lítið eru auðvitað þreyttir og geta upplifað dagsyfju sem hefur áhrif á afköst og virkni yfir daginn²², en það kemur meðal annars niður á námsárangri. Margir þættir hafa áhrif á svefn og svefngæði, til að mynda hefur hreyfing jákvæð áhrif á svefn á meðan skjánotkun fyrir háttatíma hefur neikvæð áhrif á svefn²³.

Niðurstöður sýna breytingar milli mælinga ef lítið er til þess hvernig þátttakendur meta andlega og líkamlega heilsu sína. Þó að meirihluti þátttakenda telji bæði líkamlega og andlega heilsu sína góða eða mjög góða má sjá að hlutfallið lækkar umtalsvert milli ára. Þannig meta árið 2016, 76% stráka í 9. og 10. bekk líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða á meðan hlutfallið var 85% árið 2014. Stúlkur eru líklegri til að meta líkamlega heilsu sína lakari í samanburði við stráka og lækkar hlutfallið einnig meðal þeirra milli mælinga. Árið 2014 mátu 79% stelpna í 9. og 10. bekk heilsu sína góða eða mjög góða en árið 2016 hefur hlutfallið lækkað um 10 prósentustig og er 69%. Sömu mynd má sjá þegar lítið er til þess hvernig nemendur meta andlega heilsu sínu. Hlutfallið lækkar bæði hjá strákum og stelpum og þá eru stelpurnar líklegri til að meta andlega heilsu sína lakari í samanburði við stráka. Nemendur í 8. bekk eru hlutfallslega líklegri til að meta andlega og líkamlega heilsu sína góða í samanburði við sér eldri nemendur, en hlutfallið lækkar einnig meðal þeirra milli mælinga og greina má sama kynjamun.


21) Lowry o.fl., 2012

22) Danner og Phillips, 2008


23) Orzech ofl, 2016




Mynd 39. Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem telja líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða.




Mynd 40. Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem telja líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða.




Mynd 41. Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2016 sem telja andlega heilsu sína góða eða mjög góða.




Mynd 42. Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2014 sem telja andlega heilsu sína góða eða mjög góða.




Mynd 43. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árið sem telja líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða, árin 2000 og 2016.




Mynd 44. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem telja andlega heilsu sína góða eða mjög góða, árin 2014 og 2016.



Mynd 45. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á landinu í heild, sem skora hæst á þunglyndiskvarðanum, árin 1997–2016 fyrir landið í heild.




Mynd 46. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á landinu í heild, sem skora hæst á kvíðakvarðanum, árin 2000–2016 fyrir landið í heild.




Mynd 47. Hlutfall stráka og stelpna í 8., 9. og 10. bekk árið sem skora 31–35 á vellíðanarkvarða (SWEMWBS (kvarði 7–35)), árið 2016.

Tafla 17. Hvað sefur þú að jafnaði margar klukkustundir á nóttu. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk, árið 2016.

Hvað sefur þú að jafnaði margar klukkustundir á nóttu	Höfuðborgarsvæði Fjöldi (%)			Landsbyggð Fjöldi (%)		
	8.b.	9.b.	10.b.	8.b.	9.b.	10.b.
